

Viljayfirlýsing og skipan starfshóps um framtíð vatnsöflunar fyrir íbúa og atvinnulíf norðan Hvalfjarðar

1. Markmið

Markmið með viljayfirlýsingu þessari er lýsa yfir vilja aðila til samráðs um hvernig má bæta nýtingu ferskvatns og uppfylla vatnsþarfir íbúa og atvinnulífs norðan Hvalfjarðar þ.e.a.s. í Akraneskaupsstað, í Hvalfjarðarsveit og á atvinnusvæðinu á Grundartanga.

2. Aðilar

Aðilar að þessari viljayfirlýsingu eru:

Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður er hratt vaxandi sveitarfélag sem horfir fram á töluverða aukningu vatnsþarfar á næstu árum. Núverandi vatnsveita er við þolmörk eins og staðan er í dag og þolir lítil frávik.

Hvalfjarðarsveit

Hvalfjarðarsveit á helmingshlut í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar á móti Faxaflóahöfnum. Það félag sér íbúum Melahverfis fyrir ferskvatni, en flest býli í sveitinni sjá um sína vatnsveitu. Vatnsveitufélagið á og rekur dælustöð á Grundartanga auk þess að eiga vatnsréttindi í Hlíðarfæti sem hafa ekki verið nýtt. Hvalfjarðarsveit rekur auk þess vatnsveitu fyrir Heiðarskólasvæðið og Hlíðarbæ en Veitur ohf. eru með vatnsveitu í Krosslandi.

Veitur

Veitur ohf. eiga og reka vatnsveituna á Akranesi og Krosslandi og eru að skoða framtíðarmöguleika vatnsöflunar vegna vaxandi þarfar í sveitarfélaginu.

Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir eru eigandi hafnarinnar og lóða á Grundartanga. Félagið á og rekur vatnsveitu innan svæðis á Grundartanga til annarra aðila en Elkem og Norðuráls. Fyrirtækið hefur áform um frekari uppbyggingu hafnsækings atvinnulífs á svæðinu og vill tryggja, sem kostur er, framboð á vatni fyrir núverandi og framtíðar viðskiptavinum sína. Fyrirtækið á helmingshlut í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar á móti Hvalfjarðarsveit.

Elkem

Elkem er stór vatnsnotandi á Grundartanga. Fyrirtækið á vatnsréttindi í landi Tungu og lögn þaðan að verksmiðju sinni. Hluta af núverandi vatnsþörf fyrirtækisins mætti uppfylla með notkun vatns af lægri hreinleika eða hringrásavatns sem kælt er með sjó eða í kæliturnum.

Norðurál

Norðurál er stór vatnsnotandi á Grundartanga. Fyrirtækið á vatnsréttindi í landi Hlíðarfótar og lögn þaðan að lögn Elkem við Tungu. Fyrirtækið rekur lokaða sjókælda hringrás til að sinna hluta af kæliþörf framleiðslu sinnar. Hluta af annarri kæliþörf fyrirtækisins mætti uppfylla með notkun vatns af lægri hreinleika.

3. Viljayfirlýsing

Aðilar að þessari viljayfirlýsingu telja að skýra þurfi þörf fyrir kalt vatn á svæðinu í heild sinni til þess að fánlegt vatn á svæðinu sé nýtt sem best. Lýsa þeir yfir vilja til þess að skoða grundvöll þess að leita sameiginlegra leiða til vatnsöflunar með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Forgangsatríði er að greina þá kosti sem í stöðunni eru og nýta til þess öll þau gögn sem þegar liggja fyrir hjá aðilum yfirlýsingarinnar auk þess að mögulega afla nýrra. Til þess eru aðilar þessarar viljayfirlýsingar sammála um að skipa starfshóp.

4. Verkefni starfshóps

Ofangreindir aðilar skipa hver einn einstakling í starfshóp sem ætlað er að fá yfirsýn yfir stöðuna og greina möguleika til samstarfs í vatnsöflunarmálum innan beggja sveitarfélaga m.t.t. framtíðarþarfa íbúa þeirra og atvinnulífs auk aðgerðaráætlunar. Vinna hópsins gæti enn fremur lagt grunn að sameiginlegri stefnu beggja sveitafélaga m.t.t. vatnsöflunar.

Verkefni starfshópsins eru:

- Ná yfirsýn yfir þörf fyrir neysluvatn á svæðinu til framtíðar.
- Útbúa samræmt yfirlit yfir vatnsöflunarmöguleika innan sveitarfélaganna beggja.
- Lista upp aðra vatnsöflunarmöguleika utan sveitarfélagsmarka.
- Lista upp mögulegar aðgerðir til að draga út vatnsnotkun með nýtingu annarra kælimiðla (sjór, kæliturn) þar sem ferskvatn er notað til kælingar.

- Gera frumdrög að forgangsriðun verkefna ásamt grófu kostnaðarmati sem stuðla að meginmarkmiði þessarar viljayfirlýsingar.

Fulltrúi Veitna er jafnframt formaður starfshópsins.

Starfsfólk og ráðgjafar

Hópurinn leitist við að starfsfólk þeirra sveitarfélaga og fyrirtækja sem að þessari yfirlýsingu koma starfi með hópnum eftir því sem við á. Hópurinn leiti ytri ráðgjafar ef talin er þörf á því.

5. Skuldbindingargildi og kostnaður

Viljayfirlýsing þessi er hvorki lagalega né fjárhagslega skuldbindandi fyrir aðila og felur ekki í sér bindandi skuldbindingu á milli aðila, þ.á.m. um samstarf eða gerð samnings um samstarf. Yfirlýsing þessi felur ekki í sér einkarétt aðila til ákveðins verkefnis.

Hver aðili um sig ber sinn kostnað vegna verkefnisins.

6. Trúnaðarskyldur

Aðilar samþykkja að gæta þagmælsku um allar trúnaðarupplýsingar sem þeir kunna að fá eða fá vitneskju um í samskiptum sínum, nema skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Trúnaðarskylda tekur ekki til gagna og upplýsinga sem gerðar hafa verið opinberar með lögmætum hætti, eða á grundvelli úrskurðar dómara eða annars lögbærs yfirvalds á grundvelli laga.

Aðilar skulu upplýsa áður en gögn eru afhent að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða.

7. Upplýsingaskylda

Aðilar þessarar viljayfirlýsingar taka meðal annarra skyldna á sig eftirfarandi skyldur gagnvart hver öðrum eins og hægt er:

- Veita glöggar, réttar og greinargóðar upplýsingar um alla þætti sem snúa að fyrirhuguðu verkefni svo aðilar geti rækt hlutverk sín skv. viljayfirlýsingu þessari.

- Tilkynna án allra tafa um upplýsingar sem eru þess eðlis að þær kunni að hafa áhrif á getu aðila til að rækta hlutverk sín skv. viljayfirlýsingu þessari eða kunna að gera það að verkum að verkefnið muni ekki skila tilætluðum árangri.

8. Gildistími

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum fyrir 30. september 2023 og fellur yfirlýsing þessi úr gildi eftir þann tíma, nema trúnaðarskyldur skv. 6. gr. sem eru ótímabundnar.

Óheimilt er að breyta yfirlýsingu þessari nema með skriflegu samþykki allra aðila.

[sign]

[sign]

[sign]

[sign]

[sign]

[sign]